

Umhverfisstofnun
Sigurður Ingason
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Reykjavík, 27. september 2017
Tilvísun: 201701015 / 2.8.2

Efni: Kísilver PCC á Bakka á Tjörnesi

Vísað er til erindis Umhverfisstofnunar sem barst í tölvupósti 26. september 2017. En í erindinu er vakin athygli á því að Landvernd hafi samið umsögn um tillögu að starfsleyfi fyrir kísilmálmverksmiðju PCC að Bakka. Í umsögn Landverndar er kafli sem heitir annmarkar á álitum Skipulagsstofnunar. Í umsögninni segir m.a.: „Ekki er í álitum Skipulagsstofnunar fjallað um *tengdar framkvæmdir* og verksmiðjunni háðar; það er virkjun á Þeistareykjum eða orkuöflun til uppsetningar 104 MW af afli, 915 GWh árlegrar raforkunotkunar og háspennulínulögn til að flytja alla þá raforku sem um ræðir í starfsleyfistillögu Umhverfisstofnunar.“

Skipulagsstofnun bendir á að á bls. 4 til 5 í álitum Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum kísilmálmverksmiðju PCC á Bakka er eftirfarandi kafli:

Tengdar framkvæmdir. Í matsskýrslu kemur fram að verksmiðjan sé háð öflun raforku og flutningi hennar til verksmiðjunnar. Raforku verði aflað frá jarðvarmavirkjunum á jarðhitasvæðum í Þingeyjarsýslu. Mat á umhverfisáhrifum hafi farið fram fyrir flutningslínur (220 kV) frá Kröflu og Þeistareykjum að Bakka á Húsavík. Mat á umhverfisáhrifum Þeistareykjavirkjunar (allt að 200 MW) og Kröfluvirkjunar II (allt að 150 MW) hafi einnig farið fram. Gert sé ráð fyrir að flutningur efna frá höfninni verði með dráttarbílum sem flutt geti marga tengivagna í einu um nýjan iðnaðarveg og göng í gegnum Húsavíkurhöfða sem Vegagerðin muni leggja fyrir sveitarfélagið Norðurþing. Vegurinn beini efnisflutningum fram hjá þéttbýlinu í Húsavík. Ekki sé gert ráð fyrir geymslu efna við höfnina, ef frá er talin tímabundin geymsla lausra efna ef töf verði á flutningi. Flutningalestirnar samanstandi af hæggengum ökutækjum sem séu gerð fyrir samgöngur á iðnaðarvegum.

Svo virðist sem Landvernd hafi yfirsétt þessi kafli þegar þau lásu yfir álitid. Rétt er að benda á að álit Skipulagsstofnunar og matsskýrslur um ofangreindar virkjanir og háspennulínur eru aðgengilegar á heimasíðu stofnunarinnar, www.skipulag.is. Þess utan bendir Skipulagsstofnun á að þegar verksmiðja PCC var í málsmeðferð voru jafnframt til skoðunar verksmiðjur Thorsil og Saint Cobain sem báðar ráðgerðu framleiðslu á kísilafurðum. Á bls. 9 til 10 er fjallað um samlegðaráhrif vegna losunar sömu mengunarefna úr verksmiðjunum þremur. En eins og kunnugt er hafa báðar verksmiðjurnar fallið frá áformum sínum.

Í umsögn Landverndar segir jafnframt að „Ekki var þannig í frummats- eða matsskýrslu gerð grein fyrir áhrifum nýtingar náttúruauðlinda á umhverfið, hvorki orku né lands, þrátt fyrir ákvæði d-liðar 3. töluliðar 2. mgr. 18. gr. reglugerðar þágildandi reglugerðar nr. 1123/2005, sbr. nú d-liðar 3.

töluliðar 2. mgr. 20. gr. reglugerðar nr. 660/2015. Í þessu samhengi er til hliðsjónar vísað til skyldu til þess að meta áhrifin saman skv. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 106/2000, líkt og úrskurður umhverfisráðherra 31. ágúst 2008 kvað á um, en ljóst er af öllum gögnum máls að framkvæmdirnar eru háðar hver annarri í skilningi laga.“

Í tilvitnuðum texta í umsögn Landverndar er aftur á ferð einhver misskilningur. Í 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum er ekki lögð ótvíræð skylda á að fram fari sameiginlegt mat á umhverfisáhrifum þar sem um er að ræða framkvæmdir á sama svæði eða að framkvæmdirnar séu háðar hver annarri. Slík ákvörðun var tekin í úrskurði umhverfisráðherra þegar málsmeðferð álvers á Bakka ásamt háspennulínunum og virkjunum voru til meðferðar. En sú ákvörðun var bundin við þær tilteknu framkvæmdir en ekki kísilmálmverksmiðju PCC. Skipulagsstofnun ítrekar að mat á umhverfisáhrifum jarðhitavirkjana við Kröflu og Þeistareyki sem og tilheyrandi háspennulína hefur farið fram og í því mati var mjög ítarlega fjallað um áhrif virkjananna beggja á nýtingu náttúruauðlinda, einkum jarðhitaauðlindina.

Þriðja atriðið sem gerð er athugasemd við í umsögn Landverndar er að „áhrif af gríðarlegum efnisflutningum á umhverfið ekki metin og heldur ekki úrgangi, en fram kemur að flutningur á kvarsít einu er áætlaður 13.500 tonn á mánuði...“

Í áliti Skipulagsstofnunar fá flutningar og áhrif þeirra á umhverfið ekki mikla umfjöllun en Skipulagsstofnun bendir á að slíka umfjöllun er að finna í matsskýrslu em matsskýrsla er hluti af málgögnum. Jafnframt bendir Skipulagsstofnun á að fjallað var um fastan úrgang á bls. 14 - 15 í áliti stofnunarinnar en þar kom fram að stærstur hluti úrgangs færi í endurvinnslu en einnig væri talsvert magn til urðunar með heimilisúrgangi á svæðinu.

Skipulagsstofnun telur ekki tilefni til sérstakra viðbragða vegna umsagnar Landverndar við tillögu að starfsleyfi fyrir kísilmálmverksmiðju PCC á Bakka í Þingeyjarsveit.

Virðingarfyllst,



Sigurður Ásbjörnsson